

Stjórnarfundur Leiðsagnar

10. október 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) 3. varamaður sem tók sæti aðalmanns vegna fjarveru Leifs Björnssonar meðstjórnanda.

Boðuð forföll: Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður

Fjarverandi: Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður.

1.	Fundur settur	Formaður býður fundarmenn velkomna. Fundargerð frá 19.9. er búið að samþykkja formlega af meirihluta fundarmanna í tölvupóstum. Bókun sem GME sendi í tölvupósti vegna fundargerðar frá 29.8 var ekki tekin til greina þar sem hún var ekki lögð rétt fram og ekki lesin upp og fylgt eftir af flutningsmanni til efnislegrar umræðu.		Friðrik
2.	Staða fjármála	Bókari félagsins hefur lagt fram ársfjórðungsfirlit félagssjóðs Leiðsagnar. Gjaldkeri og ritari félagsins fara yfir stöðuna. Talið er vera fjárhagslegt svigrúm til að halda afmælishátíðina 12. nóvember með glæsibrag og eins greiða lögfræðikostnað vegna kjarabrotamála. Einnig er talið svigrúm að greiða aðilum í viðræðunefnd kjarasamninga laun fyrir fundi, undirbúning kjaraviðræðna og úrvinnslu tillagna. Rætt er um laun til formanns Kjaranefndar, sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf undanfarna mánuði.	U	Valva Harpa
3.	Afmælishátíð	Afmælishátíð verður haldin laugardaginn 12. nóvember í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur milli kl. 14-16. Veröld er mjög viðeigandi staður vegna tengsla Vigdísar við félagið, en hún er þar heiðursfélagi. Einnig eru tungumálin eitt helsta verkfæri leiðsögumanna en í Veröld er alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar. Dagskráin er að mótast jafnt og þétt, en verður sambland ávarpa og skemmtiatriða og stofnfélagar verða heiðraðir. Örn Árnason, leikari og leiðsögumaður, mun kynna dagskrána. Í lok dagskrár verður boðið upp á veitingar.	U	Friðrik Harpa
4.	Viðræðunefnd og kjaraviðræður	Formanni og varaformanni var falið af trúnaðarráði að leggja fram tillögu um aðila í viðræðunefnd. Hafa þeir haft samband við fjölda manns og gáfu sumir kost á sér í viðræðunefndina en aðrir í baklandið henni til stuðnings. Fyrir utan formann Leiðsagnar og formann Kjaranefndar, sem eiga lögboðið sæti í viðræðunefndinni, gefa kost á sér þau Hallfríður Þórarinsdóttir, Stefán Andrésen og Dóra Magnúsdóttir. Verður tillaga þessi lögð fyrir trúnaðarráðsfundinn sem haldinn verður í kjölfar þessa stjórnarfundar.	U	Friðrik Snorri

		Einnig rætt um laun fyrir viðræðunefndina, þ.e. fyrir utan formann sem þegar þiggur laun á vegum félagsins. Hentugast að hafa ákveðna upphæð greiðslu pr. fund, og að innifalið í þeirri upphæð sé undirbúningur, fundarseta og úrvinnsla. Verður þessi hugmynd einnig lögð fyrir trúnaðarráðið á eftir til samþykktar.		
5.	Kjarabrot og málsókn	Rætt um kjarabrot og samningsbrot tiltekins ferðaþjónustufyrirtækis. Eftir fund með lögmanni hefur verið ákveðið að félagið hefji málsókn vegna skýlausra brota fyrirtækisins á landslögum um vinnurétt og stéttarfélagasáild, auk brota á kjarasamningum. Stéttarfélagið Leiðsögn er landsbundið. Ef önnur stéttarfélög telja að fara þurfi í mál vegna félagsmanna þeirra, en starfið varðar leiðsögn, þá eru málin send til okkar til úrvinnslu, og þá eiga iðgjöld viðkomandi líka að fylgja með til LS.	U	Snorri Friðrik
6.	Raunfærnimat og fagmat	HB gerir grein fyrir fundi sem var haldinn með Iðunni og Leiðsöguskólanum um framkvæmd raunfærnimats. Fundinn sátu HB, SSS, Kristín Hrönn Þráinsdóttir skólastjóri Leiðsöguskólans og 3 starfsmenn Iðunnar. Allir aðilar eru sammála um nauðsyn þess að koma slíku mati á sem fyrst. Bráðliggur á því að MK/Leiðsöguskólinn geri nýja námsskrá sem hægt verður að byggja raunfærnimatið á og segir Kristín að búið sé að ráða starfsmann til að vinna í því. Annar fundur verður haldinn með þessum aðilum um miðjan nóvember. (Sjá nánar um fundinn í minnispunktum í skjalamöppu). Fundur verður síðan haldinn með EHÍ á morgun um sama efni, en námið þar hefur breyst talsvert mikið að undanfögnu. Munu FR og HB sitja hann. HB hefur boðað fund í Fagráði þar sem fara þarf yfir nokkur mál, þar á meðal fagmatið sem hingað til hefur verið á hendi Fagdeildar sem nú er búið að leggja niður. Spurning hvort fagmatið ætti núna að færast á hendur Fagráðs í samstarfi við stjórn félagsins? Fagmatið snýst um það hverjir fá að eignast og bera skjöldinn og hin sérstöku skírteini faglærðra leiðsögumanna. Útskrift úr hvaða skólum gefur réttindi til þess? Skólarnir sem útskrifa leiðsögumenn eru með svo ólíkar námsskrár og kennsluáðferðir og félagið þarf að gera upp hug sinn hvaða viðmið skal hafa. Þetta þarf að ákveða með formlegum hætti þar sem bæði Fagrád og stjórn félagsins kemur að.	U	Harpa Snorri
7.	Námskeið ASÍ	Námskeið sem ASÍ skipuleggur fyrir Leiðsögn verður haldið laugardaginn 22. október í fundarsal félagsins að Stórhöfða. Námskeiðið er félagsmönnum að kostnaðarlausu og þeim öllum opið, en einkum eru þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið hvattir til að mæta. Farið verður m.a. yfir starfsemi stéttarfélaga, vinnurétt, kjarasamningagerð og hlutverk samninganefnda.	U	Harpa
8.	ASÍ þing 12.-14. okt.	Rætt um væntanlegt ASÍ- þing en Leiðsögn á eitt sæti á þinginu og þar með eitt atkvæði. FR er aðalfulltrúi og SSS varafulltrúi. Þann 14. fer fram kosning forseta og þriggja varaforseta. Formaður fær umboð stjórnar til að	U	

		fara með atkvæði Leiðsagnar og fer fram nokkur umræða um þá kosti sem eru í boði, einkum til embættis forseta.		
9.	Afsláttarkjör	Þar sem langt er liðið á fundartímann er umræðu um afsláttarkjör frestað til næsta fundar.		
10.	Önnur mál	<p>Rætt um erindið frá Félagi ökuleiðsögumanna þar sem þeir fara fram á að fá 2 fulltrúa úr sínum röðum skipaða í viðræðunefnd Leiðsagnar í komandi kjarasamningum. Vantaði nokkuð upp á að erindið væri nægilega vel reifað, t.d. er ekki nefnt hvaða aðilar það eru sem þeir hafa í huga og hvort þeir eru félagar í Leiðsögn. Einnig þykir ansi djarft af félagi sem stendur utan Leiðsagnar að fara fram á svo stórt vægi í nefndinni, þ.e. 2 af 5, og e.t.v. eðlilegra að þessir aðilar taki þátt í samtali með baklandi viðræðunefndar og komi sjónarmiðum sínum þar á framfæri. Þar sem komin er fram tillaga um viðræðunefnd sem verður lögð fyrir trúnaðarráð að afloknum þessum stjórnarfundi, er samþykkt að bjóða þeim frekar þátttöku í baklandinu.</p> <p>(**GME kom á fundinn kl. 18:10 í lok þessarar umræðu.)</p>	U	Friðrik
	Fundi slitið 18:13			

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari